

Síminn og samfélagsábyrgð



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	5
Um skýrsluna	7
Starfsemin og stefnan	9
Stjórnarhættir hjá Símanum	12
Hagsmunaaðilar	14
Fagmennska og heiðarleiki	15
Áherslur í samfélagsábyrgð	17
Samstarf um samfélagsábyrgð	19
Síminn vinnur með Festu	19
Síminn í UN Global Compact	19
Jafnréttissáttmáli UN Women og UN Global Compact	19
Fagleg og örugg þjónusta	21
Innviðir og dreifing	22
Síminn og eftirlitssamfélagið	23
Öryggi gagna er grundvallaratriði hjá Símanum	23
Aukið öryggi upplýsinga	23
Netöryggi barna og ungmenna	25
Gott aðgengi að tækni og þjónustu	26
Áskriftarleiðir sem spara mörgum peninga	26
Inneignakerfi sem nýta má hjá Símanum	26
Ein mæling á netnotkun	26
Ábyrg aðfangakeðja	27
Mannauður	29
Síminn vill stolt starfsfólk	29
Jafnvægi milli vinnu og einkalífs mikilvægt	29

Umhverfisvernd	31
Fleiri nýttu samgöngustyrk.....	31
Síminn og Lean hugmyndafræðin.....	31
Samfélagsþátttaka	33
Lokaorð	36



Ávarp forstjóra

Aukin tækifæri á ábyrgð Símans

Þú getur meira með Símanum er slagorð Símans sem lýsir vel því hlutverki sem fjarskiptin leika í nútímasamfélagi. Á örfáum árum hafa möguleikar okkar til samskipta gjörbreyst með nýrri tækni og enn öflugri innviðum. Í raun má segja að öflug fjarskipti séu lykillinn að samfélagsábyrgð Símans, því öflug fjarskipti leiða af sér betri lífsgæði. Við höfum sett okkur þau markmið að árið 2020 verðum við ekki aðeins framúrskarandi þjónustufyrirtæki í fjarskiptum, heldur einnig í upplýsingatækni og afþreyingu á Íslandi.

Til að ná þessu markmiði þurfum við að bjóða spennandi og hagkvæmar lausnir, þannig fáum við ánægða viðskiptavinum, stolt starfsfólk og stöðugar umbætur sem leiða af sér arðsemi. Sífelld er unnið að því að viðhalda eða bæta þar sem við á, hvert handtak miðar að því að ná takmarkinu og ávallt mælt hvernig gengur. Það er hlutverk Símans að skapa tækifærin í gegnum fjarskipti, afþreyingu og upplýsingatækni því þannig tekur Síminn þátt í að efla atvinnulíf og byggð í landinu. Þar liggur samfélagsábyrgð hans.

Síminn leggur mikla áherslu á að viðhalda innviðum starfseminnar svo tækifærin glattist ekki. Á árinu 2014 fjárfesti Síminn fyrir rúma tvo og hálfan milljarð og samstæðan öll fyrir um 4,5 milljarða króna. Það eru mestu fjárfestingar samstæðunnar um árabíl og stórum hluta fjárfestinganna var varið í uppbyggingu 4G kerfis Símans og Ljósveitu Mílu. Fjárfestingar á þessu ári og því næsta verða á svipuðu róli ef áætlanir ganga eftir.

Síminn á sér langa sögu, en það er þó langt í frá að hann sé kominn á lygnan sjó og þurfi rétt að stýra seglum eftir vindi. Síðustu misseri hafa verið tími breytinga hjá Símanum. Tilvera hans var treyst með endurskipulagningu fjárhags vorið 2013. Dótturfélag Símans, Sensa, tók við stjórnartaumum upplýsingatækni fyrirtækisins haustið 2014, Skipti voru sameinuð stærsta dótturfélaginu Símanum í febrúar 2014 og Skjáriinn sömuleiðis færður úr dótturfélagi inn í móðurfélagið ári síðar. Þótt breytingarnar séu miklar breyttist ekki hlutverk Símans í samfélaginu. Samskipti eru okkar ær og kýr.



Orri Hauksson, forstjóri Símans

Við miklar breytingar skiptir viðhorf til þeirra mestu máli og að skrefin séu stigin fram af ábyrgð og festu. Hjá Símanum vinnum við faglega og heiðarlega, veitum sem flestum aðgengi að þjónustunni, látum okkur öryggi fólks varða og höfum sem fyrr í huga að þátttaka í samfélagsverkefnum byggi á þeirri þekkingu og þjónustu sem er til staðar hjá Símanum.

Markmiðið er að hvert skref sem tekið er innan Símans markist af stefnunni sem sett hefur verið svo það skili sem mestum árangri þegar litið er til samfélagsins, viðskiptavina og samstæðunnar. Síminn skilar nú framvinduskýrslu til Global Compact í annað sinn og við munum halda áfram á þeirri vegferð að starfa í anda viðmiða Global Compact.

Orri Hauksson
forstjóri Símans

Um skýrsluna

Síminn gefur í annað sinn út skýrslu þar sem samfélagsábyrgð fyrirtækisins er tekin saman. Skýrslan er framvinduskýrsla til UN Global Compact, en Síminn ritaði undir samfélagssáttmálann vorið 2013.

Í skýrslunni er litið til Símans þegar kemur að öruggri og faglegri þjónustu, mannauði, samfélagsþátttöku og umhverfisvernd. Einnig er greint frá samstarfsfélögum Símans um samfélagsábyrgð og þeim viðburðum sem Síminn tók þátt í á árinu 2014.

- Tekið er saman það sem vel er gert og litið til þess sem betur mætti fara.
- Samskiptasvið Símans vinnur skýrsluna í samvinnu við fjölda starfsmanna fjarskiptafyrirtækisins, þá sérstaklega á Mannauði, Lögræðiþjónustunni og Markaðssviði.
- Upplýsingar í skýrslunni vísa til ársins 2014 nema að annað sé tekið sérstaklega fram.
- Ábendingar um efni skýrslunnar má senda á netfangið: gag@siminn.is



Starfsemin og stefnan

Síminn er eitt reynsluríkasta fyrirtæki landsins með 109 ára sögu að baki. Síminn eflir samskipti og afþreyingu með fjarskipta- og upplýsingatækni í gegnum talsíma- og farsímaþjónustu auk internetþjónustu og gagnvirks sjónvarps um hana. Síminn á djúpar rætur í íslensku samfélagi og starfsemin snertir meirihluta þjóðarinnar á hverjum degi.

Ríflega átta hundruð einstaklingar starfa hjá samstæðunni allri. Hjá Símanum sjálfum starfa 494 í 487 stöðugildum. Heildarfjöldi starfsmanna samstæðunnar, fyrir utan Sensa, var 792 þann 1. desember. Forstjóri er Orri Hauksson. Skerpt hefur verið á stefnu fyrirtækisins en einkunnarorð þess eru: Við sköpum tækifæri. Gildi Símans eru skapandi, áreiðanleg og lipur.

Á síðasta ári var tilkynnt um sameiningu Símans og Skipta og tók hún gildi 1. janúar 2015. Síminn varð þá í senn rekstrarfélag á sviði fjarskipta og eigandi annarra félaga innan samstæðunnar. Þetta skapar einstaka stöðu á markaði því Síminn býður nú upp á allt frá grunnkerfum til efnisveitu. Félagið býður fjarskiptakerfi í fremstu röð sem nær til alls landsins og er í fararbroddi með nýjungar á síkvikum markaði. Síminn er ekki einungis í samkeppni á smásöllumarkaði á sviði fjarskipta heldur rekur einnig heildsölu sem skiptir við marga helstu keppinauta félagsins á smásöllumarkaði.


Þann 31. desember 2014 voru eftirtaldir aðilar 10 stærstu hluthafar í félaginu samkvæmt hlutaskrá þess:

- Arion banki hf.
- Lífeyrissjóður verslunarmanna
- Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild
- Gildi – lífeyrissjóður
- Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-deild
- Íslandssjóðir hf.
- Almenni lífeyrissjóðurinn
- Lífeyrissjóður verkfræðinga
- Sameinaði lífeyrissjóðurinn
- Festa lífeyrissjóður


Síminn er leiðandi í nýjungum á fjarskiptamarkaði. Hann var til að mynda fyrstur með frelsisþjónustu í farsíma, gagnvirkt sjónvarp (IPTV) og Tímaflakk. Síminn rekur stærsta IPTV kerfi á Íslandi og stærstu internetþjónustuna og gagnaflutningskerfið. Markmiðið er að árið 2020 verði Síminn áfram framúrskarandi þjónustufyrirtæki í fjarskiptum, sem og í upplýsingatækni og afþreyingu.

Helstu lykiltölur (ma.kr.)


Hagnaður/tap ársins




Rekstrartekjur




EBITDA




Fjárfestingar



Eigið fé



Hreinar vaxtaberandi skuldir



Heimild: Ársskýrsla Símans 2014



Stjórnarhættir hjá Símanum

Stjórnarhættir Símans eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og siðareglum félagsins. Auk þess hefur félagið innleitt samkeppnisréttaráætlun í starfsemi sína sem tryggir gæði stjórnarháttanna.

Farið er eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífisins, 4. útgáfa 2012. Þær má nálgast á vef Símans. Uppfærð meginmarkmið leiðbeininganna tóku gildi 1. júní 2015 og mun Síminn starfa samkvæmt þeim.

Síminn leggur áherslu á góða stjórnarhætti í starfsemi sinni og var ákveðið að undirgangast mat á stjórnarháttum hjá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands. Niðurstöður matsins leiddu til þess að Síminn hlaut viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum á árinu 2015.

Á árinu 2014 útvíkkaði Síminn áhættustýringu félagsins sem nær í dag yfir alla starfsemi félagsins og dótturfélaga. Starfsemi Símans hefur verið greind eftir verðmæti í matsþætti og áhætta flokkuð í fjórar meginviddir; markaðsáhættu, rekstraráhættu, hlítningaráhættu og fjárhagsáhættu.

Í lok árs 2014 var stjórn Símans skipuð: Sigríði Hrólfsdóttur formanni, Ingimundi Sigurpálssyni varaformanni, Heiðrúnu Jónsdóttur, Helga Magnússyni og Stefáni Árna Auðólfssyni. Allir stjórnarmenn voru fyrst kjörnir í stjórn á árinu 2013.



Hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðilar Símans eru margir og hefur fyrirtækið snertifletí við stóran hluta landsmanna. Helstu hagsmunaaðilar Símans eru viðskiptavinir, starfsmenn, hluthafar, stjórn, birgjar, neytendur, eftirlitsaðilar og fjölmiðlar.

Símínn fylgíst með þróun ímyndar, gerir þjónustukannanir og mælir þjónustuvísítöluna auk þess að fylgjast með fréttáflutningi af fyrirtækinu. Árlega eru frammístöðusamtöl, ánægja starfsmanna er mæld og sömuleiðis frammístaða stjórnenda.

Símínn stendur að baki fjölda viðburða sem eru hagsmunaaðilum fyrirtækisins í hag, bæði innanhúss og utan. Eínnig heldur Símmínn ráðstefnur og tekur þátt í viðburðum sem miðla þekkingu og aðstoða hagsmunaaðila í leit að úrræðum tengdum fjarskiptum.

Fagmennska og heiðarleiki

Ábyrgur rekstur krefst fagmennsku og heiðarleika. Síminn leggur áherslu á fagmennsku og heiðarleika og að komið sé þannig fram við alla hagsmunaaðila, hvort sem það eru viðskiptavinir, fjárfestar, fjölmiðlar, samstarfsfólk, birgjar, lánadrottnar, keppinautar eða samstarfsaðilar. Fagmennska er einnig tryggð með framkvæmd áhættumats og reglulegum úttektum.

Siðareglur samsteypunnar gilda fyrir félagið og öll dótturfélög þess. Ábendingar um brot á þeim berast siðanefnd sem skipuð er þremur einstaklingum og gætir nefndin fyllsta trúnaðar um þær ábendingar sem henni berast. Engar ábendingar bárust á árinu 2014.



Áherslur í samfélagsábyrgð

Síminn hefur frá upphafi skilið mikilvægi starfseminnar í samfélaginu – enda samskipti ein af mottarstöðunum og fyrsta markmið þess að leggja síma um landið. Megináherslurnar eru fjórar: Örugg og fagleg þjónusta, mannauður, umhverfisvernd og samfélagsþátttaka.

• Örugg og fagleg þjónusta

Samfélagslegt hlutverk Símans er fyrst og fremst að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki í gegnum fjarskipti og upplýsingatækni. Þannig tekur Síminn virkan þátt í að efla atvinnulíf og byggð í landinu. Síminn hefur tileinkað sér ábyrga stjórnar- og starfshætti og vinnur gegn hvers kyns spillingu. Settar hafa verið skýrar siðareglur sem fylgt er eftir og samkeppnisréttaráætlun fyrirtækisins er uppfærð reglulega sem og aðrar verklagsreglur sem öllu starfsfólki ber að fara eftir.

Samskipti starfsmanna Símans eru fagleg og heiðarleg. Komið er fram af virðingu við alla hagsmunaaðila. Síminn lætur öryggi fólks sig varða þegar það notar þjónustu fyrirtækisins. Síminn vill skapa aðgengi fyrir sem flesta að þeirri tækni sem fyrirtækið býður með tilliti til aldurshópa og fólks með mismikla færni. Leitast er við að tryggja að birgjar starfi með samfélagslega ábyrgum hætti.

• Mannauður

Starfsfólk Símans vill geta tekist á við krefjandi og skemmtileg verkefni. Gott viðmót, gleði og samstarfsvilji eiga að einkenna starfsemina. Innan Símans er leitast við að gæta jafnréttis í orði og á borði. Starfsfólk Símans á að geta vaxið og styrkst í starfi sínu hjá fyrirtækinu.

• Umhverfisvernd

Stefna Símans er að huga að umhverfinu í innkaupum, orku- og efnisnotkun og sorpvinnslu. Hvatt er til umhverfisvænna vinnubragða starfsfólks og viðskiptavinir hvattir til endurvinnslu á fjarskiptabúnaði. Síminn býður upp á þjónustu sem getur sparað ferðir og pappírnotkun og þannig dregið úr mengun og sorpi.

• Samfélagsþátttaka

Síminn tekur þátt í samfélagsverkefnum með það að markmiði að auðga lífið. Það er haft að leiðarljósi að þátttaka í samfélagsverkefnum byggji á þeirri þekkingu og þjónustu sem er til staðar innan Símans. Starfsfólki Símans er gert kleift að láta gott af sér leiða og þannig auðga líf sitt og annarra.

Samfélagsábyrgð

- Örugg og fagleg þjónusta
- Mannauður
- Umhverfisvernd
- Samfélagsþátttaka

Ábyrgir starfshættir og langtímahugsun eru helstu áherslur Símans í samfélagsábyrgð. Áherslurnar voru settar fram á árinu 2013 og samþykktar síðla árs. Þær veita heildstæða sýn á helstu verkefni og markmið Símans.

Hafin var markviss vinna við innleiðingu á áherslunum með aðgerðum og árangursmati allt til ársins 2016. Við innleiðinguna var tekið mið af tíu viðmiðum Global Compact verkefni Sameinuðu þjóðanna og ISO 26000 sem er leiðbeinandi staðall um samfélagsábyrgð.

Við breytingar innan samsteypunnar, nýjar áherslur við vöruframboð og með nýjum forstjóra hefur einnig verið skerpt á stefnu Símans. Áherslur Símans í samfélagsábyrgð eru nátengdar gildum og stefnu félagsins í heild. Lögð er áhersla á ábyrga starfshætti og langtímahugsun höfð að leiðarljósi í verkefnum Símans, þar sem það skapar virði fyrir fyrirtækið sjálft, samfélagið og umhverfið.

Samstarf um samfélagsábyrgð

Síminn vinnur með Festu

Síminn er eitt sex félaga sem stofnaði Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, sem sett var á laggirnar 2011. Síminn leiddi stofnun miðstöðvarinnar og fulltrúi Símans var fyrsti stjórnarformaður hennar.

Síminn átti fulltrúa í stjórn Festu á árinu 2014.

Markmið með stofnun Festu var að finna bestu aðferðir fyrir fyrirtæki við innleiðingu á stefnu um samfélagsábyrgð, stuðla að vitundarvakningu um samfélagsábyrgð fyrirtækja og hvetja til rannsókna á viðfangsefninu í samstarfi við háskólasamfélagið.

Síminn og UN Global Compact

Síminn undirritaði UN Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð í apríl 2013. Með undirrituninni skuldbindur Síminn sig til að virða tíu alþjóðleg viðmið um samfélagsábyrgð á sviði mannréttinda, vinnumarkaðar, umhverfis og baráttu gegn spillingu. Einnig skuldbindur Síminn sig til að skila inn framvinduskýrslu um aðgerðir og árangur til að efna hana. Þessi skýrsla Símans um samfélagsábyrgð er önnur í röðinni.

Jafnréttissáttmáli UN Women og UN Global Compact

Síminn vill vinna að jafnrétti kynjanna og undirritaði Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact í nóvember 2013. Í sáttmálanum eru sjö viðmið um aukið jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna á vinnustöðum og í samfélaginu almennt.

Jafnréttissáttmálinn er alþjóðleg yfirlýsing og samkomulag á vegum Sameinuðu þjóðanna. Fyrirtæki og stofnanir geta haft hann sem vegvísi við innleiðingu ábyrgra stjórnarháttá og snúa viðmiðin fyrst og fremst að kynjajafnrétti.

Þjónustuáherslur 2015

.....

- Uppbygging innviða
- Námskeið um samkeppnisrétt
- Ábyrg innkaup
- Víðtækari ISO vottun




Fagleg og örugg þjónusta

Fjarskipti og afþreying eru mikilvæg fyrir samfélagið og markmið Símans er að sinna þeirri þjónustu við viðskiptavinum sína með ábyrgum hætti. Samfélagsábyrgð Símans felst m.a. í að standa vörð um öfluga fjarskiptaþjónustu á Íslandi sem eflir atvinnulíf og byggð í landinu. Með því að bjóða hagnýtar lausnir í fjarskiptum og upplýsingatækni skapast fjölbreytt tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki. Þjónusta Símans gerir fólki því kleift að komast í gott samband við samfélagið og taka þátt í þróun þess. Góð afþreying er einnig gulli betri og markmið Símans er að auka stöðugt aðgengi að góðri afþreyingu.

Farsími, fastlína, internet og Sjónvarp Símans eru fjórar meginvörur Símans á smásölumarkaði. Rétt rúmur helmingur heimila í landinu er með fastlínunettengingu hjá Símanum, 37% farsímanotenda eru hjá Símanum og þar af mun hærri hlutfall áskrifenda en frelsisnotenda. Þá eru nærri sex af hverjum tíu notendum gagnvirks sjónvarps (IPTV) á Íslandi hjá Símanum.

Fjöldi viðskiptavina:

Með farsímaáskrift




Munur á milli ára: +1,8%

Með frelsi í farsíma




Munur á milli ára: +9,1%

Með heimasíma



Munur á milli ára: -5,5%

Fjöldi internettenginga



Munur á milli ára: -1,3%

Þjónustuvísitala Símans gefur vísbendingu um ánægju viðskiptavina. Stefnt er að því að þjónustuvísitalan nái 80 stigum árið 2020 en í lok árs stóð þjónustuvísitalan í 73,7 stigum. Verslanir Símans eru um og yfir 80 stigum og vinna aðrar deildir að því ná markmiðinu með því að auka enn á gæði þjónustunnar.

Markmið Símans er að verða með ánægðustu viðskiptavinina á hverjum markaði. Ánægja viðskiptavina hefur þau áhrif að viðskiptavinum fjölgar og meðaltekjur á viðskiptavin aukast.

Þjónustuvísitalan er mæld mánaðarlega með Gallup og samanstendur úrtakið af viðskiptavinum sem voru í samskiptum við fyrirtækið í undangengnum mánuði.

Síminn býr við sterka ímynd innan samfélagsins og stöðuga. Ímynd Símans, sem mæld er mánaðarlega af fyrirtækinu Capacent, tók þó dýfu árið 2014. Á miðju árinu kynnti Síminn nýja mælingu gagnanotkunar sem mætti tortryggni og gagnrýni vipskiptavina. Mælingunni var breytt til að einfalda útreikninga, auka gagnsæi og auðvelda viðskiptavinum að fylgjast með netnotkuninni. Það hefur tekist og mælingin hefur sannað sig. Þjónustuvísitalan jafnaði sig jafnt og þétt milli mánaða þar til hún náði sömu hæð og í upphafi árs.

Innviðir og dreifing

Samfélagið þarf á fjarskiptum að halda. Það er mikilvægt að Síminn þjónusti viðskiptavinum sína með ábyrgum hætti. Það er hlutverk Símans í samfélaginu að halda innviðum heilum og að byggja upp dreifikerfið. Síminn stendur vörð um öfluga fjarskiptaþjónustu og eflir þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Með hagkvæmum lausnum skapast tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki.

- Samstæða Símans jók verulega fjárfestingar á árinu 2014 frá árinu á undan eða um rétt tæp 17%. Fjárfest var fyrir 4,5 milljarða króna, sem eru tæp fimmtán prósent af heildartekjum. Meðal verkefna var uppbygging 4G kerfisins, sem í lok árs náði til 75% landsmanna. Jafnframt þeirri uppbyggingu efldi Síminn 3G kerfið sitt, enda 4G kerfið aðeins til gagnaflytninga enn sem komið er á meðan 3G kerfið styður bæði símtöl og gögn. Síminn er kominn með fjórðu kynslóð farsímasenda í alla landshluta.
- **Stoð fyrir Almannaþingarnir.** Síminn brást hratt við þegar Veðurstofan bað um 3G sendi við Vaðöldu, milli Vatnajökuls og Öskju, til að auka eftirlit með gosstöðvunum í Holuhrauni. Almannaþingarnir veittu starfsmönnum Símans leyfi til að fara inn á lokað svæði og var búnaðinum komið upp degi áður en gosið hófst

Síminn og eftirlitssamfélagið

Síminn fer einnig sem fyrr eftir samkeppnisréttaráætlun sem gildir bæði fyrir móðurfélagið og dótturfélögin. Hún er hluti af skuldbindingum félagsins samkvæmt sátt við Samkeppniseftirlitið frá 8. mars 2013.

Námskeið um siðareglur voru haldin fyrir nýja starfsmenn Símans á árinu 2014. Á árinu voru ekki haldin endurmenntunarnámskeið en hins vegar hafa starfsmenn Símans aðgang að Samkeppnisréttaráætluninni á innri vefnum; verklýsingu, verkferlum og leiðbeiningum, handbók og kynningu.

Öryggi gagna er grundvallaratriði hjá Símanum

Síminn starfrækir stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt aðferðafræði ISO 27001 og ber Gæða- og öryggisráð félagsins ábyrgð á framkvæmd þess. Ráðið rýnir í áætlanir um eftirlit, s.s. áhættumat og innri úttektir ásamt niðurstöðum, að lágmarki einu sinni á ári. Markmiðið er að stýra áhættusækni, hámarka upplýsingaöryggi og tryggja eins og kostur er samfellu í rekstri kerfa. Síminn setur sér öryggisstefnu sem er endurskoðuð árlega og samþykkt af Gæða- og öryggisráði Símans og framkvæmdastjórn og undirrituð af forstjóra Símans.

Síminn hefur boðið vottaða upplýsingatækniþjónustu á fyrirtækjamarkaði frá árinu 2002 en sú starfsemi fluttist til Sensa í lok árs 2014. Þann 21. maí 2014 tilkynnti forstjóri Símans að fyrirliggjandi ISO vottun yrði útvíkkuð og myndi framvegis ná yfir fleiri þætti starfseminnar. Stefnt er að staðfestingu vottunar árið 2015.

Aukið öryggi upplýsinga

Stjórn Símans samþykkti í maí að útvíkka ISO vottun fyrirtækisins og mun ISO27001 vottun stjórnkerfis upplýsingaöryggis mun í framtíðinni ekki aðeins gilda á fyrirtækjamarkaði heldur einnig ná til þjónustu við einstaklinga. Síminn var um árabíl eina fjarskiptafyrirtækið með ISO vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Með útvíkkun vottunarinnar tekur Síminn mikilvægt skref í þá átt að tryggja snör og traust vinnubrögð, viðskiptavinum sínum í vil.

Árásartilraunum á netkerfin fjölgar sífellt. Því er nauðsynlegt að bæta stöðugt kerfin og finna nýjar leiðir til varna. Öflugt og vottað skipulag öryggismála er mikilvægur liður í því að ráðstafanir séu virkar og umbætur í réttum farvegi. Öryggi er forgangsmál hjá Símanum og ber framkvæmdastjórn ábyrgð á því að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að framfylgja öryggisstefnu Símans.

Öryggi gagna innan Símans er tryggt með því að nota vottaðan ytri aðila til

Markmið öryggisstefnu

-
- Öryggi upplýsinga
- Öruggt umhverfi
- Aðgengileg þjónusta

að framkvæma ytri skannanir á vefum Símans vegna PCI-DSS krafna. Þessar prófanir eru gerðar ársfjórðungslega. Vikulega eru gerðar veikleikaskannanir. Þá gerir Síminn árlega nokkrar innrásartilraunir á þau kerfi sín sem geyma viðkvæm gögn og fær jafnframt þriðja aðila til að brjótast inn í húsnæðið með óreglulegu millibili.

Öryggisdeild Símans notar einnig ýmis kerfi til að greina og tilkynna um árástartilraunir og/eða óværu (e. malware) í kerfunum og stefnir að því að færa greininguna til sérhæfðra ytri aðila. Þá gerir öryggisdeildin áhættumat og úttektir allt árið um kring ásamt því að mæla og fylgja eftir öllum umbótaverkefnum.

Síminn starfar í samræmi við ýtrustu verklagsreglur og alla þá staðla sem tiltækir eru. Má þar til dæmis nefna:

- Sérstakar verklagsreglur um leynd, réttleika og aðgengi.
- ISO 27001:2005 vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis Símans, sem nær til fyrirtækjaþjónustunnar og verður útvíkkað árið 2015.
- PCI kröfur vegna geymslu á kreditkortaupplýsingum, sem notaðar eru til að tryggja örugg viðskipti um vef.
- Mifid – lög um rekjanleg samskipti vegna fjármálagjörninga.
- Reglulegar úttektir sem eru framkvæmdar allt árið um kring. Áhættumat og ítarlegar innri úttektir eru framkvæmdar reglulega.
- Þá bætist við að Síminn innleiddi fyrstur íslensku fjarskiptafélaganna rafræna auðkenningu í farsíma. Vel yfir helmingur allra SIM korta viðskiptavina Símans styðja rafræn skilríki en ekkert kostar að skipta yfir í nýtt SIM kort hjá Símanum út árið 2015. Rafræn farsímaskilríki eru ein öruggasta auðkenningin á vefnum og eru starfsmenn Símans stoltir af þeim árangri sem náðst hefur með rafræn skilríki.

Á annan tug atvika eru skráð vegna öryggismála á árinu 2014. Má þar nefna tilvik þar sem reynt var að féfletta notendur með smáskilaboðum og símtölum. Eldur kom upp í Ármúla 25, sem reyndist minniháttar.

Þá varðist Síminn því þegar upp komu atvik vefveiða (e. Phishing), gagnvart viðskiptavinum internetþjónustu.

Á árinu 2014 var samstarf við CERT-ÍS, netöryggisveit landsins, eftt sem fram að því höfðu verið óformleg. Þá komu á árinu 2014 upp veikleikar í hugbúnaði sem komist var fyrir. Þar á meðal var alvarlegur galli í SSL útfærslu í openssl á heimsvísu, sem nefndist Heartbleed.

Síminn stóð einnig fyrir fjölda upplýsandi ráðstefna og funda á árinu 2014. Haldinn var morgunverðarfundur í Nauthól þar sem Airwatch, öryggislausn til verndar gagna í snjalltæki, var kynnt og var sambærileg kynning fyrir viðskiptavinum á Akureyri í október. Þá kynnti Síminn í ágúst þráðlausa netkerfið Cisco Meraki.

Öryggisráðstefna Símans og Capacent var í Hörpu í september og bar hún yfirskriftina Heilbrigður rekstur í öruggu fyrirtæki. Þar sagði einn virtasti fyrirlesari heims á sviði öryggismála, Mikko Hyppönen, frá hættunni sem stafar af ýmiss konar netþrjótum. Einni gaf Ingólfur Arnar Stangeland viðskiptavinum góð ráð. Hægt er að sjá ráðstefnuna á YouTube.

Netöryggi barna og ungmenna

Síminn stuðlar að því að foreldrar og forráðamenn geti varið börn sín og ungmenni gagnvart óæskilegu netáreiði. Netvarinn er tæki fyrir heimili til að sporna við óæskilegu efni.

Einungis um tíu af hverjum hundrað kjósa að nota Netvarann hjá Símanum þótt hann sé afar aðgengilegur. Hver og einn getur virkjað hann heima fyrir, hann kostar ekkert og minnkar verulega líkurnar á því að börnin okkar rati inn á síður sem geyma óæskilegt efni.

Þrenns konar síur eru á Netvara Símans.

- Sía 1 takmarkar aðgengi að síðum sem innihalda barnaklám, njósnaforrit og vefi sem villa á sér heimildir eða sem gætu stolið persónuupplýsingum.
- Sía 2 lokar auk þess á klámfengið efni, upplýsingar um eiturlyf, fjárhættuspil, efni sem inniheldur hatur, kynþáttafordóma, smekkleysu, ofbeldi eða ólöglegt efni.
- Sía 3 er öflugust. Hún lokar á sama efni og síur 1 og 2 og auk þess fyrir leiki, skráardeilisíður (P2P) og síður sem aðstoða við tölvuglæpi.

Nú eru hátt í sex þúsund heimili með Netvarann.

Síminn var meðal fyrstu fjarskiptafyrirtækja í heiminum til að bjóða Netvarann á einstaklingsmarkaði. Netvarinn er góður en grípur þó ekki dulkóðaðar síður, sem eru á bilinu 10 til 30 prósent. Þá grípur hann aðeins erlendar síður. Hafa verður í huga að þó að síurnar sé gagnlegar, þá leysa þær ekki það verkefni að kenna börnum á internetið. Virkja má Netvarann á þjónustusíðum Símans.

Síminn vinnur með SAFT – Samfélagi, fjölskyldu og tækni, sem er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun. Á árinu 2014 hannaði og

prentaði Síminn út forvarnarbækling um rétta farsímanotkun. Þá flutti Trausti Þór Friðriksson, vörustjóri hjá Símanum, erindið „Hlutverk fjarskiptafyrirtækja í aðgengi barna að netinu“ á Foreldradegi Heimilis og skóla sem haldinn var í október 2014.

Gott aðgengi að tækni og þjónustu

Síminn hjálpar viðskiptavinum sínum að tileinka sér nýjustu tæknina. Snjallsímaskóli Símans er vel sóttur. Haldin voru 32 snjallsímanámskeið í verslun Símans í Ármúla á árinu 2014. Alls sóttu 127 manns iPhone námskeiðin og 267 Android stýrikerfanámskeiðin. Námskeiðin eru sérhönnuð af starfsmönnum Símans og þátttakendur af öllum aldri.

Áskriftarleiðir sem spara mörgum peninga

Í lok mars 2014 kynnti Síminn þrjár nýjar áskriftarleiðir sem heimila endalaust tal og ótakmarkaðan fjölda smáskilaboða. Verðið ræðst af gagnamagninu og af hlýst enginn aukalegur kostnaður, sama hvert hringt er innanlands. Endalaust leiðirnar boðuðu upphaf nýs tekjumódelis hjá Símanum; skipt var úr einingaverði yfir í fast mánaðarverð. Þetta gerir fjölmörgum viðskiptavinum fyrirtækisins kleift að spara töluverðar fjárhæðir, jafnvel tugi þúsunda á mánuði.

Inneignakerfi sem nýta má hjá Símanum

Árið 2014 hóf Síminn samstarf við GOMobile, inneignarappið sem þúsundir viðskiptavina hafa nýtt sér. Með GOMobile má greiða símreikninginn og alla aðra þjónustu hjá fyrirtækinu. GOMobile er hugbúnaður sem safnar inneign hjá Símanum fyrir notandann. Nú þegar eru milljónir útistandandi og munu þær nýtast viðskiptavinum til að greiða fyrir vörur og þjónustu hjá Símanum.

Ein mæling á netnotkun

Síminn tók upp eina mælingu gagnanotkunar á miðju ári 2014. Sama mæling fór þá að gilda um fastanetið og farsímanetið. Mælingunni var breytt til að einfalda útreikninga, auka gagnsæi og auðvelda viðskiptavinum að fylgjast með netnotkuninni. Hún hefur reynst vel.

Ábyrg aðfangakeðja

Síminn verklar af ábyrgð og er reiðubúinn að veita viðskiptavinum sínum og samstarfsaðilum eins greinagóðar upplýsingar og unnt er um starfshættina. Síminn vinnur eftir innkaupastefnu svo að nýta megi innkaupamátt félagsins á sem bestan hátt þannig að heildarkostnaður verði sem lægstur, að teknu tilliti til gæða, ávinnings, kostnaðar og umhverfisþátta.

Stefnt var að því að setja saman viðmið um ábyrg innkaup fyrir árið 2014. Það er enn í vinnslu en á árinu 2014 var unnið samkvæmt innkaupastefnu Skipta og dótturfélaga, þ.e. útgáfu 5.0 frá árinu 2011.



Mannauður

Samanlögð starfsreynsla þeirra sem störfuðu hjá Símanum á árinu 2014 nemur 9.280 árum og er því óhætt að segja að þekking innan samstæðunnar mælist í þúsundum ára. Þekking er meginstoð hátæknifyrirtækja og hjá Símanum byggist hún á ríflega aldarlangri sögu. Mannauðsáherslurnar fyrir árið 2014 voru: Fræðsla, námskeið og viðburðir, betri upplýsingagjöf, markmiðasetning í jafnréttismálum og frekari innleiðing jafnlaunastaðals.

Alls störfuðu 494 hjá Símanum, 364 karlar og 130 konur, í lok árs 2014. Ójafnt kynjahlutfall helgast að einhverju leyti af því að stór hluti starfsmanna vinnur tæknistörf, þar sem karlar hafa löngum verið í meirihluta. Þó að ekki hafi tekist að setja staðla á jafnréttismál innan Símans á árinu 2014, þá lagði mannauðsteymi Símans sig engu að síður fram um að jafna stöðuna. Teymið lagði einkum áherslu á að ráðnar yrðu tæknimenntaðar konur til að jafna mætti kynjahlutfallið á tæknisviði Símans. Grannt er fylgst með þróuninni og haldið utan um tölfræðina. Við ráðningu er þess gætt að laun séu sambærileg milli kynja í sambærilegum störfum.

Síminn vill stolt starfsfólk

Hluti af samfélagsábyrgð Símans er að hlúa að mannauði sínum. Stefna Símans er að starfsfólk sé stolt af því að vinna hjá fyrirtækinu. Það sé skapandi, áreiðanlegt og lipurt með afburðaðþekkingu og þjónustulund. Einnig að starfsfólk leiti stöðugt leiða til að bæta hag viðskiptavina og samstæðunnar. Síminn sé í farabroddi fyrirtækja sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Góð þjónusta og árangur starfsfólks krefst metnaðarfullrar þjálfunar. Á haustmánuðum árið 2014 var nýtt kennslurými tekið í notkun. Nýtt vefumsjónarkerfi og ný kennslustofa gerðu Mannauði kleift að stóruka fræðsludagskrá á haustönn auk þess sem sérfræðingum innan samstæðunnar gáfust fleiri tækifæri til að miðla þekkingu sinni til annarra starfsmanna. Haldin voru 30 námskeið á haustönn, bæði almenn og sérhæfð, og voru þau vel sótt af starfsmönnum. Að auki fór fram umfangsmikil þjálfun fyrir nýja starfsmenn í framlínu.

Jafnvægi milli vinnu og einkalífs mikilvægt

Lögð er áhersla á jafnvægi milli vinnu og einkalífs, ráðgjöf og stuðning við starfsmenn og stjórnendur og fjölpætta starfsþróunarmöguleika. Slíkar áherslur hafa sannarlega aukið ánægju starfsmanna. Starfsánægja hefur ekki mælst meiri frá árinu 2008 og stóð í 4,26 stigum af fimm mögulegum á árinu 2014. Stolt starfsmanna hefur einnig aukist mikið og stendur í sömu tölu. Það hefur ekki mælst hærra frá árinu 2009.

Mannauðsáherslur 2015

- Að efla stjórnendur í hlutverkum sínum
- Starfsánægja starfsmanna
- Árangursdrifin fyrirtækjamening
- Fræðsla, námskeið og viðburðir
- Markmiðasetning í jafnréttismálum

Gerð er vinnustaðagreining tvisvar á ári hjá Símanum. Hún er mikilvægt umbótatæki sem gefur góðar vísbendingar um líðan starfsmanna, andann í fyrirtækinu og traust til stjórnenda þess. Hæstu einkunnirnar að þessu sinni sýna að starfsmenn telja væntingarnar til sín skýrar. Starfsfólk stendur með fyrirtækinu og talar fallega um það, telur starfsandann góðan og endurgjöfina einnig og mælir heils hugar með vinnustaðnum. Allar þessar einkunnir eru á hæsta styrkleikabili.

Mannauður vinnur á árinu 2015 að mestu eftir óbreyttum markmiðum þegar kemur að jafnréttismálunum enda vantar enn staðla og mælanleika á þær aðgerðir. Með markvissum hætti hefur Mannauður aukið hlut kvenna innan Símans. Mannauður setti sér einnig það markmið að bæta upplýsingagjöf. Það hefur tekist. Fræðslumálin innan Símans hafa tekið breytingum milli ára. Ekki hefur þó verið boðið upp á jafn mikla fræðslu fyrir starfsmenn í ár og gert var veturinn 2014.

Stefnt er að því að leggja enn frekari áherslu á að efla stjórnendur í sínum hlutverkum. Eitt af meginmarkmiðum Mannauðs er að byggja upp árangursdrifna fyrirtækjamenningu þar sem starfsmenn geta verið stoltir af störfum sínum og af fyrirtækinu. Mannauður vinnur að því að stuðla að starfsánægju starfsmanna með því að skapa lifandi starfsumhverfi, með öflugri endurgjöf og krefjandi verkefnum. Árangurinn verður tekinn út með árlegum vinnustaðamælingum.

Umhverfisvernd

Síminn veit hversu mikilvægt er að huga að umhverfinu og að reksturinn sé eins umhverfisvænn og unnt er.

Umhverfisáherslurnar 2014 voru betri sorpflokkun, samgöngusamningar, bætt aðstaða hjólandi og gangandi og aukin notkun margnota drykkjarílata. Markmiðið náðist hvað snertir margnota drykkjarílát og samgöngusamninga. Margnota drykkjarílát voru seld á vægu verði til starfsmanna, til að sporna við notkun pappamála við kaffidrykkju. Þetta gekk vel og fékk góðar undirtektir hjá starfsfólki. Þá flokkar Síminn pappír frá öðru sorpi og er með frekari sorpflokkun í burðarliðnum.

Aðstaða hjólreiðafólks mætti vera betri. Lítið er kvartað undan aðstöðunni utandyra, en hins vegar mætti bæta búningsaðstöðuna innandyra. Ákvarðanir um endurbætur hafa ekki verið teknar.

Árið 2015 er markmiðið að koma upp sorpflokkun í Kaffigarði, kaffihúsi samstæðunnar og í mötuneytinu.

Fleiri nýttu samgöngustyrk

Samgöngustyrkur er veittur með það að markmiði að hvetja starfsfólk til umhverfisvænni samgöngumáta. Alls nýttu 155 starfsmenn Símans sér fjárstyrk á árinu 2014, auk sautján starfsmanna Skipta, gamla móðurfélagsins, en 61 starfsmaður Símans hafða undirritað samgöngusamning í árslok 2013. Fjölgunin er því töluverð og afar ánægjuleg. Með samningnum skuldbinda starfsmenn sig til þess að koma til vinnu gangandi, hjólandi eða með strætó að minnsta kosti þrisvar sinnum í viku.

Síminn hjálpar einnig viðskiptavinum sínum við að vernda umhverfið og tekur við gömlum símtækjum og kemur í verð erlendis eða í förgun. Síminn hefur einkum unnið með fyrirtækinu Grænni framtíð, sem annast flutning á símtækjunum til vottaðra endurnýtingarfyrirtækja erlendis.

Síminn og Lean hugmyndafræðin

Á haustmánuðum 2014 réð Síminn til sín reynslumikinn sérfræðing, Viktoríu Jensdóttur, til að leiða nýja deild, Virðisþróun. Deildinni er ætlað að skoða, greina og einfalda ferla að hætti Lean hugmyndafræðinnar. Nú eru sérfræðingar Virðisþróunar þrír og skoða hvernig bæta megi virði þjónustunnar fyrir viðskiptavinum, starfsmenn og fyrirtækið.

Lean vinnulagið hjálpar Símanum að fara betur með fé og eignir, samstæðunni og viðskiptavinum til heilla, og hefur jákvæð áhrif á umhverfið.

Umhverfisáherslur 2015

- Betri sorpflokkun



Samfélagsþátttaka

Síminn lét til sín taka í fjölmörgum mikilvægum verkefnum með það að markmiði að gefa fólki tækifæri til að hrinda verkefnum sínum í framkvæmd. Hægt er að sækja um styrki hjá Símanum í gegnum vef fyrirtækisins. Helstu samfélagsmál 2015 voru fjarskiptastyrkir til líknar- og góðgerðarmála og nokkur vel valin stærri samstarfsverkefni sem flokkuðust til a) góðgerðar- og árveknimála, b) menningar- og íþróttamála og c) þekkingarmiðlunar og nýsköpunar.

Síminn tekur virkan þátt í samfélaginu og felst hluti af þeirri samfélagsþátttöku í framlögum til margvíslegra málefna. Við val á samfélagsverkefnum er lögð áhersla á að nýta þá þekkingu og þjónustu sem er til staðar innan fyrirtækisins og vinna að verkefnum sem tengjast kjarnastarfseminni.

Styrkir eru því fyrst og fremst veittir í formi þjónustu og þekkingarmiðlunar í fjarskiptum og upplýsingatækni. Stefna Símans er að leggja áherslu á að styrkja íslensk líknar- og góðgerðarfélag með þessum hætti og hefur áætlun þar að lútandi verið samþykkt. Síminn styrkir einnig ýmsa list- og íþróttaviðburði. Hér á eftir fylgja nokkur dæmi.

• Stuðningur á alþjóðamóti

Reykjavík International Games er orðinn fastur liður í janúarmánuði og sem fyrr var Síminn einn af samstarfsaðilum leikanna.

• Síminn tók þátt í Vetrarhátíð Reykjavíkur

Líkan Reykjavíkurborgar af höfuðborginni var sett í óvenjulegan búning í sjónvarpsauglýsingu Símans fyrir Vetrarhátíðina, sem haldin var í febrúar. Með samspili ljóss og myrkurs virtist vélmenni fræsa borgina út í frauðplast. Harald Haraldsson, leikstjóri og stofnandi Wonwei, framleiddi myndbandið.

• Síminn með KÍTON

Síminn stóð þétt við bakið á KÍTÓN, félagi kvenna í tónlist, sem átti sviðið í Eldborgarsal Hörpu kvöldstund eina í mars 2014. Þar kom fram einvalið kvenna í tónlist, m.a. Ellen Kristjáns, Lay Low, Ragnhildur Gísladóttir, Mammút, VÖK, Gréta Salóme, Ragnheiður Gröndal, Cell 7 og Sunna Gunnlaugs.

• Síminn streymir listaverki

Síminn streymdi í annað sinn opunarverki Listahátíðar í Reykjavík. Þannig bjargaði tæknin þeim sem ekki komust í miðborg Reykjavíkur fimmtudaginn 22. maí. Þar flutti Högni Egilsson fimmtán mínútna verk sitt, Turiya, með Bjöllukór Tónstofu Valgerðar og klukkum Hallgrímskirkju og Landakotskirkju svo að eftir var tekið – um allt land, þökk sé streyminu.

Samfélagsmál í fókus 2015

- Fjarskiptastyrkir til líknar- og góðgerðarfélaga
- Þátttaka í menningar- og íþróttaviðburðum byggð á þekkingarmiðlun

- **Síminn hjálpar til við að slá heimsmet**

Heimsmet var slegið á Mýrdalssandi í maí 2015 þegar myndstreymið úr HTC One síma hélst óslitið þrátt fyrir að hann væri á 1.634,4 km hraða og í allt að 5,5 km hæð. Síminn var í eldflaug sem meistaranemar í HR smíðuðu. Eldflaugin var hluti verkefnisins Mjölnis sem Síminn styrkti. Sérfræðingar Símans stilltu upp 4G sendi frá Ericsson í tíu km fjarlægð frá skotstaðnum og nam sendirinn streymið úr þessu fyrsta íslenska eldflaugarskoti. Hægt var að horfa á útsendinguna í beinni.

- **Hestamannamótið heim í stofu**

Beinar sjónvarpsútsendingar í háskerpu voru frá Landsmóti hestamanna á Gaddstaðflötum við Hellu á Landsmótsrásinni í Sjónvarpi Símans dagana 30. júní til 6. júlí 2014. Sent var út frá báðum keppnisvöllum. Þar var einnig hægt að fylgjast með undankeppni og undirbúningi hins unga knapa Arnars Mána Sigurjónssonar fyrir mótið í glænýjum raunveruleikapætti sem frumsýndur var í Sjónvarpi Símans.

- **Síminn með stúlkum í knattspyrnu**

Símamótið, sem er stúlnaknattspyrnumót í umsjón Breiðabliks, stóð í sumar á 30. aldursári sínu og fjölgaði þátttökuliðum um 35 milli ára. Rúmlega 1.900 stúlkur kepptu í 274 liðum. Þjálfarar, liðsstjórar og fararstjórar voru hátt í fjögur hundruð og um 450 foreldrar unnu við mótið. Síminn var sem fyrr stoltur styrktaraðili að þessu langstærsta og elsta knattspyrnumóti fyrir stúlkur, sem elur af sér framtíðarknattspyrnukonur.

- **Evrópumót í hópfimleikum**

Síminn styrkti Evrópumótið í hópfimleikum sem haldið var hér á landi í október 2014. Alls mættu 42 lið til leiks.

- **Rey Cup í annað sinn**

Síminn var í fyrsta sinn styrktaraðili Rey Cup á árinu 2014, sem er alþjóðlegt knattspyrnumót fyrir stráka og stelpur í 3. og 4. flokki, en í árána rás hafa yfir fimmtíu erlend lið tekið þátt í mótinu, sem auðgar mjög keppnina.

- **Síminn var bakhjarl Rauða krossins á árinu 2014**

Skyndihjálparappið var gefið út í desember 2013. Þegar leið á árið 2014 höfðu tugþúsundir sótt sér appið.

- **UN Women stólaði á Símann**

Á árinu 2014 sýndi Síminn samtökunum UN Women stuðning í verki með því að birta þrjár sögur í gagnvirku myndbandi. Þetta var liður í baráttu samtakanna gegn kynferðisofbeldi. Átta af hverjum tíu íslenskum konum finnast þær vera óöruggar í miðborg Reykjavíkur að næturlagi og ýtti UN Women á Íslandi úr vör herferðinni Örugg borg í október til að skapa konum og börnum líf án ótta við ofbeldi. Myndbandið sýnir íslenskan veruleika kvenna sem verða fyrir áreitni í ólíkum aðstæðum og má horfa á þau hvort sem er á tölvuskjá eða í síma.

Síminn styrkti hin ýmsu góðgerðarfélög á árinu 2014. Styrktarstefnan miðar einnig að því að gefa starfsfólki tækifæri til að láta gott af sér leiða. Vel á þriðja tug félaga fá hluta af fjarskiptaþjónustu sinni í formi styrkja hjá Símanum mánaðarlega. Auk þess gaf starfsfólk Símans vinnu sína svo að ágóði af símasöfnunum til styrktar góðra málefna á árinu 2014 yrði sem mestur.

Síminn styrkti meðal annars:

- **Samgöngusafnið í Skógum**

Síminn styrkir Samgöngusafnið í Skógum og veitir því styrk til að viðhalda og efla yfirlitssýningu um fjarskipti.

- **Snorraverkefnið**

Snorraverkefnið er sumarverkefni í samstarfi við Þjóðræknisfélagið og Norræna félagið þar sem ungu fólki á aldrinum 18-28 ára, afkomendum íslensku landnemanna í Norður Ameríku, er boðið til landsins. Síminn veitir fjárstyrk og lætur ferðalöngunum í té SIM kort með inneign.

- **Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka – starfsmenn**

Síminn greiddi 10 þúsund krónur fyrir hvern starfsmann sem tók þátt í Reykjavíkumaraþoninu 2014. Starfsmenn velja það málefni sem þeir vilja að sé styrkt.

- **Ár ljóssins**

Síminn styrkti listamennina Curver Thoroddsen og Frímenn Kjerúlf við gerð ljósleiðarahljóðfæris sem fyrst var afhjúpað á opunarhátíð Árs ljóssins. Í verkinu er ljósi sem ferðast hefur gegnum ljósleiðara frá Vogum á Vatnsleysuströnd upp í símstöðina í Breiðholti umbreytt í hljóð með sérstakri tækni.

- **Allir lesa**

Síminn var á meðal helstu bakhjarla lestrarátaksins og setti af því tilefni sett saman keppnishóp í landsleiknum. Einnig var settur upp skiptibókamarkaður í Kaffigarðinum, kaffihúsi Símans. Allir lesa er íslenskt lestrarátak sem stendur yfir í mánuð.

- **Barnaspítali Hringsins**

Síminn og Samsung styrktu í sameiningu Barnaspítala Hringsins um tíu spjaldtölvur með áskriftum að SkjáKrökkum og Sjónvarpi Símans.

- **Göngum til góðs**

Rauði krossinn leitaði til Símans eftir sjálfbóðaliðum til að ganga til góðs fyrir hönd samtakanna. Allir sem eftir því óskuðu fengu launað frí frá vinnu til að taka þátt.

- **Samskipti í forgrunni á jólnum**

Eins og undanfarin ár bauð Síminn viðskiptavinum sínum að hringja fyrir 0 kr. á jóladag út fyrir landsteinana úr heimasímanum, hvort heldur sem var í farsímanúmer eða heimasímanúmer.

Lokaorð

Síminn hefur frá stofnun fyrirtækisins unnið að því að bæta innviði samfélagsins. Síðustu ár hefur áhersla á samfélagsábyrgð aukist. Síminn er meðal þeirra sjö fyrirtækja sem stofnuðu Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, og var fyrst fjarskiptafélaga hér á landi til að gangast undir sáttmála Sameinuðu þjóðanna, UN Global Compact, um samfélagsábyrgð.

Á síðustu misserum hefur fyrirtækið farið í gegnum miklar breytingar, bæði hvað varðar rekstur og umgjörð. Þökk sé opinberri skýrslugjöf um samfélagsábyrgð ættu starfsmenn Símans að geta bætt fagleg vinnubrögð sín, enda er hér hér tekið saman á hvaða sviðum vel hefur gengið og einnig úr hverju mætti bæta. Gagnsæið veitir gott aðhald.

Fjöldmörg markmið voru sett fyrir árið 2014 og mörg þeirra náðust. Önnur krefjast lengri úrvinnslu en talið var í upphafi.

Vitundarvakning um samfélagsábyrgð er hverju fyrirtæki holl. Vissulega hefði í sumum tilvikum mátt stíga markvissari skref á árinu 2014 til að uppfylla þau markmið sem sett voru. Um leið má ekki gleyma að fagna þeim fjöldmörgu markmiðum sem hrinda tókst í framkvæmd. Starfsfólk Símans stefnir ótrautt á að stíga fleiri skref í þá átt, jafnt samfélaginu sem fyrirtækinu til heilla.

Síminn hf.

Ármúla 25, 108 Reykjavík, Ísland

Sími: 550 6000

siminn.is